

Endurskoðandi greiðir allan kostnað vegna endurmenntunar sinnar samkvæmt reglugerð þessari.

4. gr.

Þeir sem hljóta löggildingu til endurskoðunarstarfa eftir upphaf endurmenntunartímabils eru ekki krafðir um endurmenntun fyrr en í upphafi næsta þriggja ára endurmenntunartímabils eftir löggildingu þeirra. Þeir endurskoðendur sem fá endurnýjun réttinda sinna skv. 2. gr. þessarar reglugerðar skulu sækja endurmenntun í hlutfalli við réttindatíma sinn á endurmenntunartímabili.

5. gr.

Uppfylli endurskoðandi ekki þær kröfur um endurmenntun sem krafist er skv. reglugerð þessari skulu réttindi hans felld úr gildi. Ráðherra skal áður en slík ákvörðun er tekin leita álits endurskoðendaráðs og gefa endurskoðanda kost á að koma að andmælum og eftir atvikum að bæta úr ágalla áður en ákvörðun um niðurfellingu réttinda er tekin. Endurskoðandi sem þannig hefur misst réttindi sín getur öðlast þau síðar, sbr. 19. gr. laga nr. 18/1997, um endurskoðendur, enda hafi hann áður lokið 90 einingum í endurmenntun á því endurmenntunartímabili sem í gildi er þegar sótt er um endurveitingu réttindanna sbr. 1. gr. reglugerðarinnar.

6. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í lögum nr. 18/1997, um endurskoðendur, öðlast gildi 1. janúar 2004 og hefst þá nýtt þriggja ára endurmenntunartímabil. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 673/1998, um endurmenntun endurskoðenda og lýkur endurmenntunartímabili samkvæmt þeirri reglugerð 31. desember 2003.

Fjármálaráðuneytinu, 3. desember 2003.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Elva Ósk S. Wium.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995-2015, Traðarland.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 8. desember 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995-2015 frá 8. júlí 1997.

Breytingin felst í því að 9,4 ha svæði sem ætlað var til landbúnaðarnota verður svæði fyrir frístundabyggð.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Snæfellsbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisaráðuneytinu, 8. desember 2003.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.